

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
b/t Hlínar Lilju Sigfúsdóttur, nefndarritara  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík



Reykjavík, 21. mars 2006.

**Efni: Frv. til laga um breytingu á l. nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti (77. mál)**

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem er ætlað að bæta hagsmuni smærri fjárfesta.

Frumvarp þetta hefur verið lagt fram tvisvar áður en hefur dagað uppi. Það virðist hafa farist fyrir að uppfæra frumvarpið í samræmi við þær breytingar sem gerðar hafa verið á lögum um verðbréfavíðskipti.

1. gr.

Hinir tveir nýju tölul. sem lagt er til verði 8. og 9. tölul. laganna ættu að vera 10. og 11. tölul. 2. gr. laganna, enda var tveimur nýjum liðum bætt við 2. gr. laganna með 1. gr. laga nr. 31/2005. Seinni tölul. er hinsvegar óþarfur, sbr. það sem segir hér að neðan um 2. gr.

2. gr.

Þessi grein virðist vera óþörf enda hefur þegar verið gerðir breytingar í þessa veru með 6. gr. laga nr. 31/2005. Sambærilegt ákvæði er nú í 37. gr. laga um verðbréfavíðskipti.

3. gr.

Í ljósi þess sem að ofan greinir er töluverður vafi á því að enn sé þörf á þeirri breytingu sem lögð er til í greininni. Telur Viðskiptaráð réttast að frumvarpið nái ekki fram að ganga, heldur sæti það endurskoðun af hálfu frumvarpsflytjenda.

**Viðskiptaráð leggur því til að frumvarpið nái ekki fram að ganga.**

Virðingarfyllt,  
f.h. Viðskiptaráðs Íslands,

---

Davíð Þorláksson